

Raforkumálastjóri
Vatnamælingar

B3 Vhm 17 og 24
Skilagrein 100

Ferðtil Austurlands

19.-26. febr. 1955

Lagarfljót, Grímsá o.fl.

27. febr. 1955
S.Rist

Ferð til Austurlands

19.-26. febr. 1955.

Undirritaður fór með flugvél frá Reykjavík laugard.
19. febr. 1955 til Egilsstaða via Akureyri.

Á flugvellinum á Egilsstöðum var snjóbíll Bergs
Ólafssonar til reiðu að aka mér að Grímsá.

Lítill snjór var á Héraði en þó fyrirstaða á vegum
svo venjulegir bílar gátu ekki gengið.

Það sem af var árinu höfðu frosthörkur miklar gengið
og vatnspurrð víðast hvar var með fádæmum.

Grímsá og Gilsá.

Áin var öll hulin 0,5 - 1,5 m þykkum gaddi, nema
fosshylurinn og 50 m kaflir fyrir neðan hann var auður að
mestu. Álesturinn á vhm 24 var 80 og gezla í góðu lagi.
Ekki var annað sjáanlegt en áin rynni óhindruð undir
ísnum, því að það er til sást var bil frá vatnsborðinu
að íspekjunn 10-50 cm, en þó getur verið að ís hafi
einhversstaðar í þverskurðinum hjá vhm eða skammt þar
frá þrengt að vatninu og hækkað vatnsborðið um 4 til 5 cm
eða svo.

Vatnshiti Grímsár var 0,1°C þar sem hún rennir út úr
fosshylnum, svo fellur Gilsá til Grímsár. Vatnshiti Gilsár
var 0,7°C. Á hinum öðra kafla Grímsár reyndist unnt að
ná góðri rennismælingu, $Q = 1,39 \text{ m}^3/\text{s}$, hér er vatn
Gilsár meðtalið. Við illar aðstæður mátti mæla þarna
rennsli Gilsár áður en það sameinaðist Grímsá. Rennslið
var 0,23 m^3/s . Samkvæmt þessu var rennsli Grímsár um
Grímsárfoss 1,16 m^3/s .

Í miðju kafi varð ég að hætta við aðra mælingu á Grímsá, sökum myrkurs. Mælingarnar höfðu gengið seint vegna kulda, frostið var 15 stig. Þriðjudaginn 22. febr. mældi ég Grímsá þarna á nýjan leik. Frost hafði haldist, en var nú til muna vægare en áður. Grímsá neðan Gilsár reyndist $1,38 \text{ m}^3/\text{s}$ en þar sem Grímsá fellur út úr fosshylnum þ.e.a.s. ofan við Gilsá var rennslíð $1,10 \text{ m}^3/\text{s}$.

Sæmilega góðir mælistaðir eru á Gilsá ofan við brú og þar hafði hún étið af sér á stöku stað. Rennslíð reyndist þarna $0,20$ og $0,24 \text{ m}^3/\text{s}$ þ.e.a.s. $Q = 0,22 \text{ m}^3/\text{s}$. Vatnasviðið er 29 km^2 svo að rennslíð pr. km^2 er $7,6 \text{ l/s}$.

Fyrir Grímsá um Grímsárfoss fæst bá úr þessum þrem mælingum. $Q = 1,14 \text{ m}^3/\text{s}$. Vatnasviðið er 500 km^2 svo að rennslíð þar km^2 er $2,3 \text{ l/s}$. Stór svæði á vatnasviði Grímsár munu vera þurr með öllu. Geitdalsáin flytur nær ekkert vatn, þegar svona er komið, en Haugakvíslin, sem er lindá, er stærsti lækurinn, sem til Grímsár fellur.

FJARÐARÁ.

Athugaði Fjarðará mánud. 21. febr. Álestur við Heiðarvatn 167 og tveir stafir úrtu úr loku, þ.e.a.s. rennslíð úr vatninu var $0,22 \text{ m}^3/\text{s}$, og vatnsforðinn sem eftir var $1,0 \times 10^6 \text{ m}^3$. Álestur við mælistífluna á Neðri-Staf var $15,5$ en það gefur að rennslíð þar fram hafi verið $0,305 \text{ m}^3/\text{s}$ eða sem næst 80 l/s hafi fallið til á svæðinu frá Heiðarvatni og niður á Neðri-Staf. Það vatnasvið er 36 km^2 svo rennslíð þar hefur verið $2,2 \text{ l/s pr. km}^2$.

Hjá rafstöðinni var rennslíð samkvæmt því sem næst varð komist $0,5 \text{ m}^3/\text{s}$. Svæðið frá Neðri-Staf að rafstöð er 16 km^2 , svo rennslíð af því vatnasviði hefur verið $12,5 \text{ l/s pr. km}^2$.

EYVINDARÁ.

Álestur 18. Virtist hafa skorið undir ísinn. Rennslíð mælt mánudaginn 21. febr. skammt neðan við brúna. $Q = 0,5 \text{ m}^3/\text{s}$. Vatnasviðið er 193 km^2 , samkvæmt því hefur rennslíð verið $2,6 \text{ l/s km}^2$.

LAGARFLJÓT.

Sunnudaginn 20. febr. athugaði ég Lagarfljót út hjá Lagarfossi. Ís var yfir öllu fljótinu, og mátti fara niður Lagarfoss á skíðum. Aðeins úrjófir auðir álar með ísbrún yfir neðst í fossinum, annars var allt hulið gaddi. Engum mælingum varð komið við að sinni, enda var það ekki ætlunin.

Miðvikudaginn 23. febr. kl. 7 fékk ég snjóbil frá Egilsstöðum út að fossi með mig ásamt tveim aðstoðarmönnum, þeim St. Eiríkssyni og Sölva Aðalbjörnsyni að Egilsstöðum, og öllum útbúnaði, er til mælinganna þurfti. Til móts við okkur kom gæslumaðurinn Gunnsteinn Stefánsson á Ekru. Var nú höggvið óspart í ísinn, sem var nálægt 45 cm á þykkt á Rmst. Rennslíð þar mældist $5,0 \text{ m}^3/\text{s}$. Rennslismæling á þrepaskildinum við þverskurð 5, samanber teikningu Fnr 2511 í skilagrein 91, gaf rennslíð $4,2 \text{ m}^3/\text{s}$. Þar var vatnsdýpið undir ísnum hvergi meira en 54 cm. Vatnasviðið er 2800 km^2 þ.e.a.s. rennslíð þr km^2 var $1,6 \text{ l/s}$.

Þá var grafið og sprengt fyrir sjálfritarapró um 90 m ofan við Rmst. Benzínbor var fenginn að láni hjá byggingafél. á Egilsstöðum og sprengiefni var fengið af birgðum Rafmagnsv. ríkisins, sem geymt var á Egilsstöðum.

Áður en mælibrunnur verður steyptur upp er nauðsynlegt að ruddur verði vegur niður á fljótsbakkan og er það ósk vatnamælinganna að raforkumálastjóri fari þess á leit við vegamálastjóra að það verði gjört nú með vorinu.

Nokkur hallamæling var gerð. Vatnshæðarmælirinn var mældur inn við F.M. (S31) hjá Rmst og reyndist 0-punktur vhm í hæðinni 17,27.

Vatnshæðaralesturinn var 126 (föstud. 25. febr.) og vatnsborðið var 7 cm hærra uppi á þrepskildinum hjá þvsk. 5 eða þar í hæðinni 18,60, en neðan við foss var vatnsborðið í hæðinni 4,30 þ.e.a.s. fallið í fossinum og aðdragandum var 14,3 m.

Neðra fasta merkið, sem gæzlumabur mælir vatnshæðina við neðan við fossinn er í hæðinni 6,13 en það efra í hæðinni 7,56 m. Meðan ís var að leggja að fljótinu, komst krapafyllan neðan við fossinn hæst upp í hæðina 5,7 m, en þá var líka snöktum meira í fljótinu eða 80-100 m³/s.

Lokið var á föstudegi að sprengja fyrir sjálfritar-
anum og náð til Egilsstaða þá um kvöldið.

Ég kom til Reykjavíkur með flugvél næsta dag
(laugard. 26. febr.)

Reykjavík, 27. febr. 1955.

